

Miðvikudaginn 8. maí 1968.

Nr. 67/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Daníel Willard Fiske Traustasyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Omerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Lögreglurannsókn í máli þessu fór fram dagana 24. og 25. ágúst 1967. Hinn 22. september 1967 kom ákærði fyrir sakadóm. Honum voru þá kynnt gögn málsins, en eigi var hann prófaður um sakarefni. Hinn 25. s. m. kom lögregluvarðstjóri fyrir dóm og staðfesti skýrslu sína.

Að svo komnu máli voru sakargögn með bréfi héraðsdómara 26. september 1967 send saksóknara ríkisins til meðferðar. Saksóknari ríkisins gaf því næst hinn 4. október 1967 út ákæru á hendur ákærða, án þess að frekari rannsókn en áður getur hefði fram farið.

Dómpróf hafa verið háð í málinu að tilhlutan saksóknara ríkisins, eftir að því var áfrýjað. Auk yfirheyrslu ákærða hafa sjö vitni verið dómprófuð og heitfest.

Í héraðsdómi er frá því greint, að Einar Guttormsson yfirlæknir hafi hinn 24. ágúst 1967 tekið ákærða til rannsóknar blóð, er hafi reynzt innihalda „reducerandi efni, sem svara til 2.61% af alkóhóli“. Er sú niðurstaða reist á skýrslu um blóðrannsókn, sem lögð var fram í sakadómi 22. september 1967 og er svohljóðandi:

„Alkóhólrannsókn 28/8 1967

Blóðsýnishorn merkt 38 Vm.

Í því fundust reducerandi efni

er samsvara 2.61% alkóhóli.

Rannsóknarstofa próf. Jóns Steffensen

Bjarni Konráðsson“.

Af hendi saksóknara ríkisins hefur verið lagt fyrir Hæstarétt símskeyti til hans frá héraðsdómaranum, dags. 6. maí 1968, er hljóðar svo:

„Hér með viðurkennist að blóðsýnishorn númer VM 35 var tekið 24. ágúst 1967 úr Daniel Willard Fiske Traustasyni sýndi það 2.61 promille alkoholmagn stop blóðsýnishorn númer Vm 38 var tekið 6. september 1967 úr Bernhard Ingimundarsyni sýndi það 2.19 promille alkohol Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum Jón P Emils fulltrúi“.

Eigi eru fram komnar skýringar á því ósamræmi, sem hér er um að tefla, né heldur nauðsynleg greinargerð um meðferð blóðsýnis þess, sem úr ákærða var tekið.

II.

Samkvæmt því, sem rakið var, er ákæra í máli þessu reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til málshöfðunar, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærinni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmans, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 16. október 1967.

Ár 1967, mánudaginn 16. október, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, í skrifstofu embættisins að Bárugötu 15, kveðinn upp svohljóðandi

dómur í sakadómsmálinu nr. 710/1967: Ákærvaldið gegn Daníel Willard Fiske Traustasyni:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Daníel Willard Fiske Traustasyni skipstjóra, Höfðavegi 1 hér í bæ, „fyrir að aka fimmtudaginn 24. ágúst 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 11 frá Básaskersbryggju um götur Vestmannaeyja, þar til akstri lauk heima hjá ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Grímsey hinn 18. júní 1928. Hann var áminntur fyrir ölvun á dansleik í Reykjavík 30/1 1954 og gekkst hinn 11. febrúar 1962 undir 200 króna réttarsátt í Vestmannaeyjum fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Öðrum kærnum og refsingum hefur hann eigi sætt.

Fimmtudaginn 24. ágúst s.l. kl. 1750 var hringt á lögreglustöðina og skýrt frá því, að ákærði væri ölvaður að aka bifreið sinni, V 11, um götur bæjarins. Þeir Pétur Stefánsson lögregluvarðstjóri og Óskar Einarsson lögregluþjónn fóru strax að sinna þessu kalli. Þeir fóru víðs vegar um bæinn og m. a. heim til ákærða að Höfðavegi 1. Í ljós kom þá, að ákærði var ekki kominn heim, en bílskúr hans stóð opin.

Lögreglumennirnir héldu enn áfram leitinni. Í þessari för komu þeir auga á ljósleita bifreið, sem ekið var suður Kirkjuveg. Héldu lögreglumennirnir þá rakleiðis heim til ákærða. Var þá búið að loka umræddum bílskúr ákærða. Pétur Stefánsson kvaddi dyra, og kom ákærði þá sjálfur til dyra. Hann bar þá öll ein-kenni ölvunar. Augun voru vot, málfar óskýrt og litarháttur í andliti rauðleitur. Lögregluvarðstjórinn bað ákærða að fylgjast með sér til lögregluvarðstöðvarinnar, þar sem hann væri grunaður um að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Ákærði neitaði að koma með lögreglunni.

Nú höfðu lögreglumennirnir verkaskiptingu. Óskar Einarsson hélt vörð um hús ákærða, en Pétur varðstjóri fór á fund Guðmundar Guðmundssonar yfirlögregluþjóns. Höfðu þeir samband við Jón P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, um væntanlegan handtökuúrskurð. Það varð strax að ráði, að nefndur fulltrúi færi

með lögreglumönnunum að Höfðavegi 1. Þá hafði bætzt við í hópinn lögreglumaður nr. 2, Ragnar Helgason.

Þegar nú var komið að húsi ákærða, gerði lögreglufulltrúinn honum það ljóst, að hann ætti aðeins um tvo kosti að velja, þ. e. fylgja lögregluvarðmönnunum af fúsum og frjálsum vilja eða að upp yrði þegar kveðin handtökuheimild. Valdi þá ákærði fyrri kostinn. Þegar á lögregluvarðstofuna kom, var Einar Guttormsson yfirlæknir fenginn til að taka úr ákærða blóðsýnishorn. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens reyndust í blóði ákærða reducerandi efni, sem svara til 2.61% af alkohóli.

Ákærði skýrir svo frá, að miðvikudagskvöldið 23. ágúst s.l. hafi hann horft á sjónvarp heima hjá sér og jafnframt drukkið genever, þannig að hann hafi vel fundið á sér. Daginn eftir hafi hann drukkið þrjá pilsnera og hafi jafnan ekið bifreið sinni V 11. Um kl. 1700 hafi hann farið í skýlið á Básaskersbryggju. Þar drakk hann einn pilsner og átti tal við afgreiðslumanninn, Kristín. Þegar ákærði segist hafa verið að yfirgefa skýlið, hafi nokkrir strákar kallað til sín, en þeir voru að drekka við borð í skýlinu. Strákarnir buðu ákærða vín, sem hann þáði. Þeir réttu honum gosflösku, sem ákærði telur, að hafi verið vín, blandað gosi. Flaskan var í öxlunum, og lauk ákærði úr flöskunni. Hann segist hafa drukkið úr flöskunni í tveim eða þrem sopum. Hafi hann síðan ekið viðstöðulaust heim til sín að Höfðavegi 1. Ákærði viðurkennir að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hins vegar hafi hann viljað ljúka akstri, áður en hann yrði fyllri.

Þegar ákærði var nýlega kominn heim, barði lögreglan að dyrum. Ákærði segist hafa neitað að fara með lögreglunni, þar sem honum varð svo bilt við og einnig af því, að hann var farinn að finna töluvert á sér. Ákærði telur, að liðið hafi um 2—3 mínútur, frá því að hann kom heim, þar til lögreglan kom.

Eftir að lögreglan fór út af heimili ákærða til að afla sér handtökuheimildar, telur ákærði, að hann hafi drukkið úr einum bolla af genever og tvo til þrjá sopa af martini.

Um drykkju ákærða í skýlinu við Básaskersbryggju hafa nokkur vitni borið vætti. Þorleifur Ingólfsson, Sauðárkróki, kveður ákærða hafa sett við borð hjá sér og hafi hann drukkið nokkra sjússa og verið orðinn greinilega ölvaður. Vitnið gizkar á, að 45 mínútur hafi liðið, frá því að ákærði hóf drykkjuna, þar til hann fór út og upp í bifreið sína. Þetta vitni bragaði ekki áfengi í þetta skipti.

Vitnið Sigurjón Sveinbjörnsson, Mið-Mörk, Vestur-Eyjafjöllum, Rangárvallasýslu, telur ákærða hafa greinilega verið undir áhrifum áfengis, er hann kom í skýlið. Vitnið segir ákærða hafa sett við borð hjá því og fleiri strákum og neytt áfengis.

Vitnið Sigurður Jónsson sjómaður, Vestmannabraut 73, segist hafa setið við sama borð í skýlinu og ákærði. Hafi vitninu þá virzt ákærði undir áfengisáhrifum.

Vitnið Kristinn Magnússon, umsjónarmaður í skýlinu á Básaskersbryggju, skýrir svo frá, að ákærði hafi komið inn í skýlið um kl. 1700 fimmtudaginn 24. ágúst s.l. Virtist vitninu þá, að ákærði væri undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur sjálfur viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðar sinnar frá Básaskersbryggju og heim til sín. Fjögur vitni telja, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, er hann dvaldi í skýlinu við Básaskersbryggju.

Pétur lögregluvarðstjóri Stefánsson sá greinilega ölvunarmerki á ákærða, rétt eftir að hann kom heim til sín eftir ökuferðina.

Áfengismagn í blóði ákærða er gífurlega mikið, eða 2.61‰. Enda þótt ákærði hafi drukkið eitthvað áfengi, á meðan lögregluvarðstjórinn var að afla sér handtökuheimildar, hefur sú drykkja aldrei getað verið meiri en sú, að fyrir í blóði ákærða hefur ávallt verið svo mikið áfengismagn, að brot hans heimfærist undir 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Verknaður ákærða telst varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 12 daga.

Með tilvísun til 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í eitt ár frá 22. september 1967 að telja.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Willard Fiske Traustason, sæti varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 22. september 1967 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.